

Samningur um tilraun með sveigjanlegra skólastarf í grunnskólum

Menntamálaráðuneyti og [Fræðslumiðstöð Reykjavíkur](#) hafa gert með sér [samning](#) um tveggja ára tilraunaverkefni um breytingar á viðmiðunarstundaskrá frá því sem kveðið er á um í aðalnámskrá grunnskóla. Áætlað er að u.þ.b. 10 grunnskólar í Reykjavík vinni að verkefninu.

Tilgangurinn er að skapa sveigjanleika í skólastarfi í samræmi við aukið sjálfstæði skóla og áherslu á einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda.

Gert er ráð fyrir að stundaskrá nemenda verði skipulögð í



Sólrun Jensdóttir skrifstofustjóri menntamála og Gerður G. Óskarsdóttir fræðslustjóri Reykjavíkur undirrita samninginn.

vinnulotum til að auka bæði sveigjanleika í námi og möguleika á vali nemenda og ábyrgð þeirra á eigin námi. Fléttast þar saman bóklegt og verklegt nám, iðkun lista og hreyfing.

Auglýst verður eftir þátttökuskólum og gert er ráð fyrir að tilraunaverkefnið hefjist í upphafi næsta skólaárs.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur annast umsjón og framkvæmd verkefnisins en samstarfshópur fulltrúa Fræðslumiðstöðvar og menntamálaráðuneytis fylgist með framgangi þess.

Menntamálaráðuneyti hefur umsjón með viðhorfakönnun við lok samningstímans í ágúst 2007. Síðan verður tekin ákvörðun um hvort framhald verður á verkefninu. Samninginn er að finna á vef menntamálaráðuneytis, [menntamalaraduneyti.is](#)

„Heilbrigð sál í hraustum líkama“

Yfir 200 manns sóttu ráðstefnu sem [Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands](#), í samstarfi við [menntamálaráðuneytið](#), [Landlæknisembættið](#) og [Lýðheilsustöð](#), stóð fyrir um áhrif hreyfingar á andlega líðan. Yfirskrift ráðstefnunnar var *Heilbrigð sál í hraustum líkama*.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra flutti ávarp við setningu ráðstefnunnar.

Markmið ráðstefnunnar var að kynna niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið á áhrifum hreyfingar á andlega líðan og skoða ýmsa þætti sem gætu hvatt og stutt fólk til að hreyfa sig meira, s.s. mögulega ávísun lækna á hreyfingu í stað lyfja í forvarnarskygni.

Forseti ÍSÍ setti ráðstefnuna. Menntamálaráðherra, félagsmálaráðherra og fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fluttu ávörp við setninguna. Meðal fyrirlesara var dr. Þórólfur Þórlindsson sem benti m.a. á að rannsóknir sýni að líkamleg þjálfun hefur verulegt gildi fyrir fólk sem á við andlega vanlíðan að etja og sóknarfærni væru m.a. að auka samstarf á milli skóla og íþróttafélaga.

Dr. Rod Dishman fór yfir niðurstöður rannsókna sem sýna að hreyfing í meðferðarskygni við andlegri vanlíðan virka ekki síður en lyf en hreyfingunni fylgi ekki aukaverkanir sem oft fylgja lyfjanotkun. Fjöldi fyrirlesara var á ráðstefnunni og voru fjölmörg áhugaverð og skemmtileg erindi. Fyrirlesturinn um „Ávísun á hreyfingu“ var það viðfangsefni ráðstefnunnar sem margir biðu hvað spenntastir eftir en eftir því sem fram kom er ekki spurning um hvort heldur fremur hvernig og hvenær ávísun á hreyfingu verður að veruleika.



Nemendur í Lundarskóla á Akureyri sigurvegarar í norrænu stærðfræðikeppninni KappAbeL

Þriðja norræna stærðfræðikeppnin [KappAbeL](#) var haldin í Kennaraháskóla Íslands dagana 25.-26. apríl sl. Þar kepptu tvær stúlkur og tveir piltar fyrir hönd þeirra grunnskólabeckja sem sigruðu í heimalöndunum í byrjun apríl.



Íslendingarnir taka við fyrstu verðlaunum sem voru ávísun á 15.000 norskar krónur.

Íslenska liðið frá [Lundarskóla](#) á Akureyri bar sigur af hólmi og fékk 24 stig af 25 mögulegum. Næst í röðinni kom norska liðið með 21 stig en hin liðin voru öll nokkru neðar.

Íslenska liðið skipuðu Auðunn Skúta Snæbjarnarson, Eyþór Gylfason, Kamilla Sól Baldursdóttir og Sunna Þorsteinsdóttir. Kennari þeirra er Sigurveig María Kjartansdóttir.

